

# Fundargerð

Stjórnunar- og verndaráætlun Þjórsárdals - Fundur með fulltrúa Rauðukamba

Fjarfundur haldinn á Teams fimmtudaginn 29. apríl 2021, kl. 13:00-14:00

## Fundarmenn

- ✓ Þórdís Björt Sigþórsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Hákon Ásgeirsson, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- ✓ Uggi Ævarsson, fulltrúi Minjastofnunar Íslands
- ✓ Björgvin Skafti Bjarnason, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
- ✓ Eivalía Kolbrún Ágústsdóttir, bachelor nemi
- ✓ Hreinn Óskarsson, fulltrúi Skógræktin
- ✓ Magnús Orri Schram, fulltrúi Rauðukamba

## Dagskrá:

1. Samráð – af hverju er þessi fundur hér í dag?
2. Stjórnunar- og verndaráætlun – auglýsing um friðlýsingu.
3. Sýn Rauðukamba á stjórnun, verndun og stýringu umferðar á svæðinu.
4. Aðrar umræður.
5. Næstu skref.

1. Hákon fór yfir hvernig samráði er háttað og af hverju við erum stödd hér í dag á sérstökum fundi í kjölfar hagsmunaaðilagreiningar.

2. Þórdís fór yfir gerð áætlunarinnar og ferli vinnunnar. Einnig fór hún yfir auglýsingu um friðlýsingu svæðisins og þann kafla sem fjallar um uppbyggingu Rauðukamba á mannvirkjum í tengslum við ferðaþjónustu sem fyrirhuguð er í samræmi við gildandi deiliskipulag.

3. Hákon fór yfir útivistarkort –Göngu/hjóla og reiðleiðir skoðaðar. Magnús óskaði eftir að fá þessi kort send á sig. Fundarmenn sammála að líklega er í lagi að hjóla- og reiðleiðir liggja saman á einstaka leiðum þar sem ekki er um að ræða mikla umferð, en að það séu tilmæli um að hestamenn eigi forgang og að hjólandi umferð sé upplýst um það.

## 4. Umræður

- a. Magnús Orri kynnti fyrir fundarmönnum uppbyggingaráform Rauðukamba.
- b. Ábending kom að þar sem svæðið er nú friðlýst þarf einnig að afla framkvæmdaleyfis hjá Umhverfisstofnun vegna framkvæmda innan hins friðlýsta svæðis.
- c. Rætt var um aðkomu að hótelinu og minjar – umræður um að taka samtali við Minjastofnun varðandi þetta. Fundarmenn sammála um að farið verði í vettvangsferð saman til að komast að góðri niðurstöðu. Tekið var fram á fundinum af fulltrúa

Rauðukamba að gert er ráð fyrir því að vera með aðkomu að hóteli og baðstað vel frá skilgreindu svæði Minjastofnunar vegna fornleifa í Reykholti.

- d. Mikilvægt að vegur að hóteli sé þannig uppbyggður að hægt sé að nota hann allt árið um kring. Rætt var um varðaða leið – ekki vitað hversu gömul leiðin er – Sprengisandsleiðin – gæsasand. Minjastofnun benti á nýttkomna fornleifaskráningu–Magnús leggur til að vegur verði ekki uppbyggður, og spyr hvort það sé eitthvað því til fyrirstöðu þó hann liggi meðfram vörðum. Minjastofnun mun skoða betur og unnið áfram í samstarfi við hlutaðeigandi aðila. Rauðukambar stefna að því að byggja gestamóttöku Fjallabaðanna við Selhöfða og leggja af hugmyndir um móttöku við afleggjarann við Gervígíga. Þar af leiðir hefur fyrirtækið óskað eftir því að gestir Fjallabaðanna fari um vegslóða frá Selhöfða að Reykholti - þessi leið er oft nefnd Sprengisandsleið. Nokkur umræða á fundinum skapaðist um hvernig ætti að standa að lagfæringu vegarins, og samspili við minjar. Ákveðið að Magnús Orri, Uggi og Hreinn myndu skoða aðstæður á vettvangi. Væri hugmynd að loka þessum gervígígaveg? Skoða það betur þegar verður ákveðið með nýjan veg. Upprunalega leiðin liggur meðfram Steinastöðum, mikið blásið upp og vörðurnar hafa verið hlaðnar upp aftur.
- e. Inn við Rauðukamba - vilja gjarnan hafa reiðleiðina áfram þar um.
- f. Rætt var áætlun um stikun gönguleiða og göngubrú, Vinna í gangi og unnið samkvæmt útvistarSKIPulagi sveitarfélagsins. Í forgangi að stika leið frá Háafossi í Hólaskóg og þaðan í Gjánna þar sem leiðin tengist inn á gönguleiðir við Gjánna.
- g. Það er til fjármagn til að láta framleiða stikur og hugsanlega skilti. Þarf að áætla hvað verður gert næst í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.
- h. Landsáætlun uppbyggingu innviða – umræður um framkvæmdir sem farið verður í á þessu ári – verið að vinna í Gjánni, búa til hringleið og laga brýr – skipt niður í 3 áfanga. Einnig verður gerð frumathugun á viðkomustöðum ferðamanna og áætluð uppbyggingaþörf. Gert verður deiliskipulag við Háafoss og viðhald á innviðum við Hjálparfoss.

#### Næstu skref:

- Hákon sendir vinnukort frá sveitarfélaginu með gönguleiðum og reiðhjólaleiðum á Magnús.
- Magnús sendir áherslur Rauðukamba og hvernig þeir vilja lýsa sinni starfsemi í áætluninni.
- Minjastofnun og Skógræktin skipuleggja vettvangsferð með Rauðukömbum til að skoða mögulegan nýjan veg að fyrirhuguðm Fjallaböðum við Rauðukamba.